



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Skuggasundi 1
101 Reykjavík
urn@urn.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 13. júní 2024

Efni: Umsögn SI um drög að flokkun fimm virkjunarkosta

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) vísa til máls nr. 114/2024, á samráðsgátt Stjórnarráðsins, þar sem kynnt eru til umsagnar drög verkefnastjórnar rammaáætlunar að flokkun virkjunarkostanna Bolaalda, Tröllárvirkjun, Hvanneyrardalsvirkjun, Skúfnvatnavirkjun og Hamarsvirkjun. SI styðja fyrirbyggjandi drög heilt yfir en skora á verkefnastjórn að taka til endurskoðunar mat á Hamarsvirkjun.

Í kynningu um málið kemur fram að verkefnisstjórn rammaáætlunar fól öllum fjórum faghópum sínum að vinna greiningar og leggja mat á áhrif virkjunarkostanna. Þær greiningar liggja nú fyrir. Verkefnisstjórn hefur einnig fengið kynningar á og farið yfir niðurstöður úr vinnu faghópanna og metið í samhengi við greiningar á öðrum þáttum fyrir viðkomandi virkjunarkosti. Á þeim grunni gerir verkefnisstjórn drög að áðurnefndum tillögum að röðun þessara virkjunarkosta til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra..

SI hafa ítrekað lýst yfir þungum áhyggjum af stöðu raforkumála á Íslandi og hafa komið á framfæri ábendingum í lengri tíma um að allt stefni í raforkuskort, með neikvæðum afleiðingum fyrir samfélagið allt. SI hafa því ítrekað kallað eftir viðbrögðum stjórnvalda um að beita öllum tiltækum ráðum til að ráðast að rót vandans. Stöðugt og tryggt framboð raforku er grunnur að atvinnu- og byggðarþróun sem og verulega mikilvægt öryggismál fyrir bæði almenning og atvinnulíf um land allt. SI taka því heilshugar undir framangreindar tillögur.

SI ítreka að lengi hefur legið fyrir að staða raforkumála á Vestfjörðum sé bágborin, bæði hvað varðar framboð raforku sem og innviðir til flutnings og dreifingar á raforku. Þessu til stuðnings liggja fyrir opinberar skýrslur sem draga fram þann raunveruleika sem blasir við íbúum og fyrirtækjum á þessu svæði. Vísast hér m.a. til [skýrslu](#) sem unnin var fyrir umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra um raforkumál á Vestfjörðum, og birt var í apríl 2022, þar sem m.a. kemur fram að raforkukerfi landshlutans er ekki nægjanlega vel í stakk búið til að mæta viðsnúningi í efnahag landshlutans, auk nýrra verkefna, s.s. orkuskiptum. Greiningar sýna einnig að uppbygging raforkukerfisins á síðustu áratugum hefur ekki fylgt þróun í öðrum landshlutum og það hefur átt sinn þátt í að rýra samkeppnisstöðu samfélaga og atvinnulífs Vestfjarða í samanburði við aðra landshluta.



Í [skýrslu](#) Landsnets frá árinu 2019 er dregin upp sambærileg mynd af ástandi orkuöryggis á Vestfjörðum þar sem fram kemur að afhendingaröryggi þess svæðis hefur lengi verið heldur lakara en víðast annars staðar á landinu.

SI benda á að í fyrirliggjandi drögum verkefnisstjórnar er umfjöllun um þessi atriði, sbr. kafli 4.4. Önnur sjónarmið, þar sem segir að orkuöryggi sé ekki tryggt á Vestfjörðum og landshlutinn sé ekki nægjanlega tengdur dreifikerfinu í landinu. Því eru rík sjónarmið um orkuöflun innan svæðisins og þá sérstaklega nærri þeim tengivirkjum sem fyrir eru og þeim hluta Vestfjarða þar sem notendur eru flestir. Þau sjónarmið vögu sérstaklega í mati verkefnisstjórnar á virkjunarkostunum tveimur á Glámuhálendinu, þrátt fyrir að þeir hafi allnokkur áhrif á náttúruverðmæti svæðisins. Þessu til stuðnings er umfjöllun um orkuöryggi og jafnan aðgang að raforku í mati faghóps 5 á samfélagslegum áhrifum umræddra fimm orkukosta sem einnig er birt samhliða drögum verkefnisstjórnar þar sem t.a.m. er nefnt sem dæmi aukin umsvif í atvinnulífi á Vestfjörðum hafa aukið þörfina á raforku í landshlutanum og þá hafa rafmagnstruflanir haft í för með sér tjón á rafbúnaði á svæðinu.

Í ljósi ástands orkumála á landinu öllu, með áherslu á Vestfirði, taka SI því heilshugar undir það mat sem fram kemur við einstaka virkjunarkosti um mikilvægi þeirra til að tryggja orkuöryggi á viðkomandi svæðum. Þá skora SI á verkefnastjórn að taka til endurskoðunar ákvörðun um að setja Hamarsvirkjun í verndarflokk og í því samhengi vísa samtökin til þeirra jákvæðu áhrifa sem sú virkjun, samkvæmt umfjöllun í fyrirliggjandi drögum, kann að hafa á orkuöryggi og jafnt aðgengi að orku á landsvísu. Ítrekast einnig að umrædd virkjun er metin hagkvæm samkvæmt mati faghóps 4.

Samandregið styðja SI fyrirliggjandi drög að flokkun fimm virkjunarkosta að því undanskildu að samtökin skora á verkefnastjórn að taka til endurskoðunar mat á Hamarsvirkjun, sbr. framanritað. SI gera ekki frekari athugasemdir við málið að svo stöddu. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins,

Lára M. K. Ólafsson,
sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála